

Ómar Harðarson
Ólöf Jóna Tryggvadóttir

Nýtt skipulag vinnumarkaðsrannsókna

17. desember 2002

Endurskoðuð vegna útgáfu á vef Hagstofunnar 7. febrúar 2003

Inngangur

Á árinu 2000 var felld inn í samninginn um evrópska efnahagssvæði ný reglugerð ESB (nr. 577/98) um framkvæmd samfelldrar vinnumarkaðsrannsóknar. Á þeim tíma var aðildarlöndum þó heimilt að halda sig við eldri aðferð (eina könnun í öðrum ársfjórðungi) um ótiltekin tíma.

Í lok ársins 2000 lágu fyrir tillögur framkvæmdastjórnarinnar að setja í reglur ákvæði sem skuldbyndu aðildarríkin til að taka upp samfellda vinnumarkaðsrannsókn eigi síðar en í ársbyrjun 2003.

Hagstofustjóri samþykkti að Ísland myndi samþykka þessa tillögu fyrir sitt leyti og jafnframt að ekki yrði sótt um leyfi til frestunar á upptöku samfelldrar könnunar.

Til að undirbúa breytt snið var fengið vilyrði hjá Eurostat um 10.000 evra styrk sem nýta átti til rannsókna, heimsókna til systrastofnana, gerð nýs spurningaeyðublaðs og annarrar skipulagsvinnu.

Samkvæmt áætlun átti þessi vinna að hefjast í desember 2001 en af ýmsum orsökum var því frestað fram yfir áramót.

Vinna við gerð nýrrar vinnumarkaðsrannsóknar hófst því í lok janúar 2002 og hefur staðið síðan. Aðaláhersla frá upphafi var lögð á endurskoðun spurningaeyðublaðsins auk aðferðafræðilegra athuguna.

Í þessari skýrslu er greint nánar frá einstökum liðum og niðurstöðum. Þar sem við á eru niðurstöður dregnar saman í lok hvers kafla. Sú samantekt á einnig að gagnast við tæknilega útfærslu viðkomandi atriða.

Fjármögnun

Í nóvember uppgötvaðist að fyrir mistök og / eða misskilning hafði Eurostat stöðvað afgreiðslu á styrk þeim sem veitt hafði verið vilyrði fyrir. Þá voru góð ráð dýr, of seint að bregðast við. Til að bjarga málum fyrir horn fékkst samþykki fyrir því að sækja um styrk á öðrum forsendum. Þær forsendur eru að í tengslum við vinnumarkaðsrannsóknina á árinu 2003 verður gerð sérstök aðferðafræðileg athugun á áhrifum þess að skipta spurningaeyðublaðinu í kjarnaspurningar og utan-kjarnaspurningar, og þá sérstaklega hvernig mynda má einfaldar en nothæfar vogir þrátt fyrir flókið rannsóknarsnið.

Undirritaður hefur verið samningur milli Eurostat og Hagstofu Íslands, þar sem fyrirnefndi aðilinn veitir 15.000 evrum til þessa verkefnis.

Viðaukaspurningar

Þegar leið á árið 2002 kom í ljós að áhugi var fyrir því innanlands að Hagstofa Íslands tæki í fyrsta skipti þátt í viðaukaspurningum evrópsku vinnumarkaðsrannsóknarinnar sem árið 2003 á að fjalla um símenntun og skólagöngu. Ennfremur var ljóst að þátttaka í þessari aukarannsókn væri framkvæmanleg innan þess ramma sem vinnumarkaðsrannsókninni var sett.

Sótt var um styrk til framkvæmdar viðaukarannsóknarinnar að upphæð 15.000 evrur. Þá leggur menntamálaráðuneytið fram 200.000 íslenskar krónur auk sérfræðipækkingar til verkefnisins.

Ráðin var á útmánuðum ársins 2002 Hildur Friðriksdóttur, sem stundar meistaranám í atvinnulífsfræðum við Háskóla Íslands, sem verkefnisstjóri við undirbúning spurningaeyðublaðsins. Þá eru í ráðgjafarhópi verkefnisins fulltrúar menntamálaráðuneytisins og skólamáladeildar, en Jón Torfi Jónasson prófessor við HÍ er sérlegur sérfræðingur verkefnisins á vegum menntamálaráðuneytisins.

Endanlegt spurningaeyðublað liggur ekki fyrir, en það er í forprófun hjá IMG-Gallup. Sumir hlutar þess hafa þó þegar verið prófaðir í tengslum við vinnumarkaðsrannsókn í nóvember 2002.

Í reglugerð um viðaukaspurningar um símenntun er boðið upp á tvo valkosti um framkvæmd rannsóknarinnar. Annars vegar að spurningarnar verði lagðar fyrir alla þátttakendur á öðrum ársfjórðungi 2003. Hins vegar að spurningarnar verði lagðar fyrir hlutaúrtak sem verði dreift jafnt yfir árið. Þá má hlutaúrtakið hins vegar ekki vera minna en 15% af heildarfjölda viðtala yfir árið.

NIÐURSTAÐA

- Spurningar í viðauka um símenntun verði lagðar fyrir þá þátttakendur sem taka þátt í næst síðasta sinn.

Spurningaeyðublaðið

Ráðgjafarhópur

Ákveðið var í samráði við hagstofustjóra að kalla saman þriggja manna hóp sérfræðinga með þekkingu á viðfangsefnum og nýtingu vinnumarkaðsrannsókna. Tilgangur hópsins til að vera vinnumarkaðsdeildinni til ráðagerða í útfærslu og skipulagningu nýs könnunarsniðs.

Í hópinn fengust þau Ingólfur Bender, Íslandsbanka, Lilja Mósesdóttir, Viðskiptaháskólanum Bifröst og Tómas Bjarnason, IMG-Gallup

Markmið hópsins var annars vegar að horfa yfir öxlina á sérfræðingum deildarinnar við undirbúning nýs sniðs/spurningaeyðublaðs og hins vegar að koma sjónarmiðum notenda á framfæri við undirbúning könnunarinnar.

Ekki tókst að ná fyrsta fundi hópsins fyrr en 22. nóvember. Tveir fundir hafa verið haldnir síðar. Undir hópinn hafa verið borin ýmis stærri álitamál.

Starf hópsins verður eftir áramót fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða við að birta niðurstöður rannsóknarinnar þannig að nýtist almenningi, hagsmunaaðilum og rannsóknarfólki.

Aðrir umsagnaraðilar

Að undirlagi hagstofustjóra var Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandsins og Vinnumálastofnunar boðið til sérstaks kynningarfundar 29. nóvember. Ætla má að þessir aðilar muni koma í framtíðinni að hagskýrslugerð á vinnumarkaðssviði umfram aðra aðila.

Auk þessara er nauðsynlegt að nýtt snið vinnumarkaðsrannsókna og möguleikar sem skapast við það verði kynnt víðar. Helstu aðilar sem telja má annað hvort núverandi eða til frambúðar stórnotendur eru:

- Samtök atvinnulífsins

- Alþýðusamtökin
- Vinnumálastofnun
- Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins
- Seðlabanki Íslands
- Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
- Kjararannsóknarnefndir
- Aðilar á fjármálamarkaði
- Aðrar deildir innan Hagstofu:
 - Skólamál
 - Þjóðhagsreikningar
 - Félagsmál
 - Mannfjöldi

NIÐURSTAÐA

- Boðað verði til almenns kynningarfundar með ofangreindum aðilum í febrúar í nýjum húsakynnum Hagstofunnar að Borgartúni 21.

Blaise

Forritun

Forritun á spurningaeyðublaðinu í Blaise fór fram í október til desember 2002. Markmið forritunar var að hafa eyðublaðið eins einfalt og unnt var í framkvæmd. Þá var höfð hliðsjón af reynslu (göllum) í eldri framkvæmd.

Ekki er gert ráð fyrir í fyrstu útgáfu að notuð verði eldri svör. Sú forritun fer fram í janúar til mars og stefnt að því að útgáfa 2 með notkun eldri svara verði tekin í notkun frá og með 14. viku ársins (þ.e. í vikunni 31.mars - 6. apríl).

Prófun

Eftir er að ganga endanlega úr skugga um að leiðarstjórnun sé fyllilega rétt. Það verður gert með hermiforriti sem fylgir Blaise.

Skjölun

Skjölun fer fram með tvennum hætti. Annars vegar í formi gagnalýsinga í Blaise – þ.m.t. prentaðri útgáfu af spurningalistanum. Hins vegar í formi handbókar fyrir spyrsla. Sú handbók verður tilbúin fyrir fyrsta námskeið fyrir spyrsla áður en samfelld könnun hefst.

Forprófanir

Forprófanir á spurningaeyðublaðinu voru ferns konar. Í fyrsta lagi með því að gera eiginlegar athuganir á völdum hópi svarenda með það að markmiði að skera úr um merkingu einstakra hugtaka og hvernig þau skiljast. Í öðru lagi var Beta-útgáfa af spurningaeyðublaðinu prófuð í lok vinnumarkaðsrannsóknar í nóvember. Í þriðja lagi voru kjarnaspurningar um skólagöngu og símenntun prófaðar meginlega í

nóvemberkönnuninni. Loks fékk IMG-Gallup það verkefni að forprófa viðaukasurningar um símenntun og þrjár almennar spurningar varðandi fjarvistir frá vinnu og vinnutíma í viðmiðunarviku. Niðurstöðum úr þeirri forprófun verður skilað í tæka tíð fyrir áramót.

Önnur verkefni sem tengjast gerð spurningaeyðublaðsins

Atriðisorðaskrá fyrir samtíma kótun atvinnugreina. Allt að tveggja vikna vinna. Unnin af Margréti Valsdóttur.

Atriðisorðaskrá fyrir samtíma kótun starfsstétta. Um það bil mánaðarvinna, unnin af Herdísí Óskarsdóttur. Ekki er víst að því verði lokið í tæka tíð fyrir upphaf vinnumarkaðskannana. Ef ekki, verður upptaka að bíða til 2. ársfjórðungs 2003.

Atriðisorðaskrá fyrir samtíma kótun menntunar. Allt að tveggja vikna vinna. Unnin af Hildi Friðriksdóttur.

Endurskoðun menntunarflokkunar Hagstofunnar. Ekki verður tekin upp nýtt flokkunarkerfi áður en rannsóknin hefst. Engu að síður verður allt snið könnunarinnar miðað við að laga að ISCED 97. Til þess að svo megi verða þarf að bæta við aukaspurningum til að geta síðar brugðist við eftir því hvaða ákvarðanir verða teknar um tiltekin álitamál í íslenskri aðlögun að alþjóðakerfinu.

Endurskoðun atvinnugreinaflokkunar. Í desember fékk deildin vitneskju um að ný útgáfa af NACE muni taka gildi í ESB um næstu áramót. Ekki er ljóst hvort þessi hafi áhrif á kótun og skil til Eurostat. Hins vegar verður vart hægt að taka upp breytta/nýja kóta fyrr enn Hagstofan hefur gengið frá endurskoðun sinni á ÍSAT-95.

Endurskoðun starfsstéttaflokkunar. Endurskoðun á ÍSTARF-95 er hafin aftur undir stjórn Herdísar Óskarsdóttur. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á vormánuðum. Gangi allt að óskum verður hægt að taka upp endurbætta starfsstéttaflokkun um áramótin 2003/2004.

Stéttarfélög. Í núverandi sniði eru spurningar um aðild að stéttarfélögum lagðar fyrir í nóvember ár hvert. Ekki er þörf á því að leggja þessa spurningu fyrir í öll skipti.

NIÐURSTAÐA

- Spurt verði um stéttarfélag aðeins í fyrsta skipti sem svarandi tekur þátt og síðan aðeins við starfsskipti/missi.

Stjórnun breytinga

Breytt snið vinnumarkaðsrannsókna hefur tvær meginafleiðingar. Annars vegar verður örðugra að rjúfa ferlið til þess að gera breytingar. Hins vegar mun örari birting vekja meiri athygli á könnuninni og niðurstöður hennar verða mikilvægari fyrir bæði stjórnvöld og markaðsaðila. Hvorutveggja veldur því að setja þarf formlegar verklagsreglur um hvernig staðið skal að breytingum á spurningaeyðublaði rannsóknarinnar.

Rétt er að skipta breytingum í tvo flokka eftir umfangi.

- Annars vegar breytingar á hugtökum og skilgreiningum sem og allar breytingar sem ætla má að geti haf í för með sér tímarof á meginspurningum, þ.e. sem varða vinnu, atvinnuleit og vinnutíma. Ennfremur breytingar á

könnunarþáttum sem skipta máli fyrir aðra hagskýrslugerð, s.s. menntun, heimili, félagslega þætti o.þ.h.

- Hins vegar minniháttar breytingar, til dæmis viðbótarspurningar sem ekki er fleygað inn í mikilvæga spurningaröð, tæknilegar lagfæringar o.s.frv.

NIÐURSTAÐA

- Um fyrri tegund breytinga þurfa að gilda strangar reglur þar sem tekið er á :
 1. Formleg fréttatilkynning
 2. Breyting tilkynnt með a.m.k. 2ja ársfjórðunga fyrirvara.
 3. Breyting borin undir mikilvægustu umsagnaraðilana (a.m.k.) í hverjum málaflokki
 4. Breyting forprófuð, ekki síst í þeim tilgangi að kanna hvað áhrif hún hefur á niðurstöður.
 5. Breytingar geta aðeins tekið gildi við hver áramót.
- Um síðari tegund breytinganna er eftirfarandi væntanlega nægjanlegt:
 1. Forprófun til að athuga áhrif þeirra.
 2. Þær verða ekki kynntar fyrirfram nema niðurstöður forprófana gefa til kynna að slíkt sé nauðsynlegt.
 3. Þeirra verði engu að síður getið í aðferðafræðilegum hluta útgáfunnar.
 4. Minniháttar breytingar má gera við hver ársfjórðungsskipti.

Þýðing á ensku

Bernard Scudder, þýðandi, fékk það verkefni í desember að þýða spurningaeyðublaðið á ensku. Markmið þýðingarinnar eru a. enska sé lipur í munni, b. enskan sé einföld þannig að hún skiljist sem flestum sem hafa hana ekki að móðurmáli og c. að hún endurspegli hugtök og skilgreiningar sem notast er við.

Bráðabirgðapýðingu verður sett inn í spurningaeyðublaðið frá upphafi. Endanleg þýðing verður þó að bíða frekari prófunar. Haft verður samráð við Bernard vegna þess. Líklegt er að endanlegt ensk þýðing verði sett í 2. útgáfu.

Önnur útgáfa spurningaeyðublaðsins

Í lok 14. viku ársins 2003 (5-6. apríl) verður tekin í notkun önnur útgáfa spurningaeyðublaðsins.

Tilgangur með þeirri útgáfu er fyrst og fremst sá að gefa færi á því að nýta fyrri svör þátttakenda til að stytta leiðina í gegnum spurningaeyðublaðið. Þá má gera stærri leiðréttingar á eyðublaðinu, sem nefnd eru annars staðar í þessari skýrslu.

Í núverandi sniði er á nokkrum stöðum leyfilegt að nýta fyrri svör til að hoppa yfir 2-3 spurningar sem á eftir koma, einkum þær sem varða störf, atvinnugreinar og menntun. Í nýju sniði er skynsamlegt að nýta þessa aðferð í mun ríkari mæli en áður.

NIÐURSTAÐA

- Svarandi sem er í sama starfi og í síðustu könnun þarf ekki að fá aðrar spurningar um starfið en þær sem snúa að vinnutíma og atvinnuleit. Svarandi sem var hvorki í starfi í síðustu könnun né þegar viðtal var tekið þarf ekki að fá aðrar spurningar um stöðu sína á vinnumarkaði en sem lúta að atvinnuleit.

VMR og aðrar kannanir Hagstofu

Við breytingu á sniði vinnumarkaðsrannsókn mun Hagstofan reka tvær kannanir allt árið um kring, þ.e. vinnumarkaðsrannsókn og neyslukönnun. Frá og með árinu 2004 mun þriðja könnunin taka við, rannsókn á tekjum og lífskjörum (SILC) í samstarfi við önnur lönd innan evrópska efnahagssvæðisins.

Nauðsynlegt er því að kanna kosti og galla við að samnýta þessar kannanir þannig að sameiginleg könnunatriði verði samræmd, úrtökuaðferðir samræmdar og framkvæmd að öðru leyti þannig að hagur verði af.

Neyslukönnun Hagstofunnar hefur þegar nokkra bakgrunnspætti sem eiga rætur að rekja til vinnumarkaðsrannsókna. Þó svo að frá því könnunin var fyrst skipulögð hafi átt sér stað hæg þróun á hugtökum og aðferðum í vinnumarkaðsrannsóknum og grundvallarbreyting verði gerð um áramótin er ekki skynsamlegt að rjúka til nú og gera breytingar á Neyslukönnuninni. Betra er að bíða skipulagningar á SILC og skoða þá allt dæmið í heild sinni en að hætta á að tímarof verði á mælingum Neyslukönnunnar bæði í upphafi 2003 og í upphafi ársins 2004.

NIÐURSTAÐA

- Unnið verði að því á árinu 2003 að samræma aðferðir og hugtök allra stærri kannana Hagstofunnar með það að sjónarmiði að ná fram sparnaði og meiri nákvæmni í mælingu á mikilvægustu þáttum sem varða vinnumarkaðinn, atvinnu, atvinnuleit og vinnutíma.

Skiptisnið

Við ákvörðun á skiptisniði vinnumarkaðsrannsókna þarf að huga að ýmsum þáttum:

1. Kostnaður
2. Áhrif á öryggismörk fyrir ársmetla
3. Áhrif á öryggismörk fyrir ársfjórðungsmetla
4. Áhrif á öryggismörk fyrir metla fyrir breytingar frá einum ársfjórðungi til annars
5. Nauðsyn flæðirannsókna, þ.e. breytingar frá einu ári til annars
6. Langtímaáhrif á þátttöku þjóðarinnar í vinnumarkaðsrannsóknum.
7. Brottfall vegna þreytu þátttakenda af síendurteknum könnunum.

Skiptisnið eru með ýmsum hætti í löndum evrópska efnahagssvæðisins. Skilgreina má skiptisnið annars vegar með fjölda panela (skiptihópa) og röð ársfjórðunga (tímabila) sem þeir taka þátt. Til dæmis má nefna núverandi skiptisnið VMR 4x. Danska hagstofan notar skiptisniðið 2q-2-1q, þ.e. tveir ársfjórðungar í röð, sleppa tveimur og

síðan einn ársfjórðungur. Sænska hagstofan notar skiptisniðið 8m þ.e. átta mánuðir í röð.¹ Algengastar eru þó tvær útgáfur af fimm skiptihópum, þ.e. 5q og 3q-2-2q².

Ráðgjafahóp vinnumarkaðsdeildar voru kynntar athuganir á mismunandi skiptisniðum (sjá viðauka). Þegar áhrif þeirra var skoðuð með tilliti til ofangreindra þátta var niðurstaðan sú að velja ætti milli annað hvort 5q eða 3q-2-2q. Af þeim tveimur sniðum hugnaðist hópnum betur síðara sniðið, einkum vegna betri árangurs þess við að mæla breytingar (flæði) milli ára.³

NIÐURSTAÐA

Skiptisniðið 3q-2-2q verði notað í samfelldri vinnumarkaðsrannsókn.

Heimilisúrtak

Í reglugerð ESB nr. 577/98 sem sett hefur verið inn í samninginn um evrópska efnahagssvæðisins er gert ráð fyrir að þau lönd sem velji einstaklinga en ekki heimili í úrtak verði engu að síður að velja hluta-úrtak sem nái til allra heimilismanna. Gert er ráð fyrir að nákvæmni samanlagðs úrtaks einstaklinga og heimilismanna fyrir NUTS 2 svæði sé þannig að hlutfallsleg staðalskekkja ársmetils, miðað við 5% atvinnuleysi fari ekki yfir 8%.

Í annarri athugun er farið yfir mögulegar aðferðir við að velja heimilisúrtak. Besta aðferðin er sú að velja heimilisúrtakið úr aðeins einum skiptihópi, helst þeim sem tekur síðast þátt, til að engin skörun verði milli úrtakseininga. Að því gefnu er raunhæft að notast við tvær meginaðferðir. Annars vegar svokallaða netúrtöku, þ.e. velja alla heimilismenn allra þeirra sem veljast í úrtakið. Hins vegar svokallaða tveggja fasa úrtöku þar sem val á heimilum fer fram með hendingaraðferð, þannig að ef viðkomandi svarandi er á heimili með þremur fullorðnum þá hafi hann 33,3% möguleika á að vera spurður spurninga um aðra heimilismenn.

Niðurstaðan er sú að af þessum tveimur aðferðum er sú síðari skilvirkari hvað varðar kostnað og nákvæmni metla.

NIÐURSTAÐA

- Hlutaúrtak fyrir heimili verði með tveggja fasa aðferð. Við úrtöku verði öllum einstaklingum úthlutað einni hendingartölu, sem verði notuð í sjálfu viðtalinu til að ákvarða hvort lagðar verði fram spurningar sem varða aðra heimilismenn.

¹ Doc. E1/EMPL/10/2001

² 5q er haft í Bretlandi, á Írlandi, Tékklandi og Slóvakíu. 3q-1-2q er viðhaft í Finnlandi og Slóveníu.

³ Þess skal getið að skiptisniðið 2q-2-2q lá ekki fyrir þegar ráðgjafahópurinn kom saman. Það snið er notað af hagstofum Ítalíu, Póllands og Rúmeníu. Það hefur fram yfir sniðið 3q-2-2q að metlar breytinga eru nákvæmari ásamt heimilisúrtakinu, en jafngott hvað varðar aðra metla. Þá er það ívið ódýrara í framkvæmd. Á móti kemur að skiptihóparnir eru stærri, hlutaúrtök úr heimilum stærra en nauðsynlega þarf, þannig að þegar til lengdar lætur mun stærri hluti þjóðarinnar taka þátt. Þá verður kostnaður af viðaukum, sem úthlutað er til skiptihópa, 21% hærri í 2q-2-2q sniðinu en öllum fimm skiptahópasniðum vegna stærri skiptihópa.

Úrtaka

Þýðið

Þýði vinnumarkaðsrannsóknarinnar eru allir búsettir á Íslandi á vinnualdri, sem skilgreindur er 16-74 ára.

Í reglugerðum ESB er miðað við að viðtöl verði tekin við hópinn 15-74 ára. Ýmislegt mælir þó á móti því að leitað verði til 15 ára aldurshópsins. Fyrst og fremst liggja þó til þess siðferðilegar ástæður. Siðareglur könnunarmanna á Íslandi leggja bann við því að haft verði beint samband við börn yngri en 16 ára. Þá eru 15 ára unglingar að jafnaði enn í grunnskóla og þátttaka á vinnumarkaði þótt einhver sé er að jafnaði lítil og bundin við lítil störf, s.s. blaðaútburð, barnagæslu o.þ.h.

Úrtökuramminn

Úrtökuramminn er hverju sinni þjóðskráin: Þeir sem eru á aldrinum 16-74 á tilteknum tímapunkti og hafa lögheimili á Íslandi.

Nýir hópar

Einföld hendingarúrtaka úr úrtökurammanum veldur því að nýir hópar í þýðinu verða hlutfallslega of litlir, þar sem þeir eru aðeins valdir í nýjasta skiptihópinn en eru ekki endurspegladur í þeim skiptihópum sem áður hafa verið valdir. Nýir í þýðinu eru annars vegar þeir unglingar sem ná 16 ára aldri og hins vegar þeir sem hafa flutt til landsins frá því síðasta úrtaka fór fram. Núverandi úrtökuaðferð tekur aðeins tillit til unglingsanna, þ.e. tekið er úrtak úr þýði 14 og hálfára til 74 ára. Þeir sem flytja lögheimili sitt eru því aðeins valdir í nýjan skiptihóp en eru ekki endurspegladur í eldri skiptihópum.

Að meðaltali hafa rúmlega 900 manns á aldrinum 16-74 ára flutt til landsins á hverjum ársfjórðungi síðastliðinn fjögur ár. Hér er því um að ræða hóp af svipaðri stærðargráðu og þann sem nær 16 ára aldri á hverjum ársfjórðungi. Ekki verður hægt að komast hjá því að taka tillit til þessa í annað hvort úrtökuáferðum eða vogum. Að þessu sinni verður ekki gerð tillaga um hvernig taka skuli á aðfluttum. Það er úrlausnarefni sem er flókið og þarf í reynd ekki að leysa fyrir en í fyrsta lagi við úrtöku vegna annars ársfjórðungs 2003.

Hér verður því aðeins gerð tillaga um hvernig leysa megi úr viðráðanlegum hluta vandans, þ.e. inngöngu 16 ára unglings í úrtökurammann.

NIÐURSTAÐA

- Tekið verður úrtak úr hópi þeirra sem eiga lögheimili á Íslandi á úrtökudegi, eru ekki eldri en 74 ára í lok fyrstu viðmiðunarviku næsta ársfjórðungs og hafa náð 16 ára aldri í lok 13. viku næsta ársfjórðungs. Þeir sem ekki hafa náð 16 ára aldri í lok viðmiðunarvikur verða geymdir þar til ársfjórðungi síðar.
- Leitað verði aðstoðar hjá erlendum sérfræðingum vegna úrlausnar á vogum og / eða úrtökuáferðum vegna þeirra sem

Tímasetning úrtöku

NÍÐURSTAÐA

- Úrtaka fer fram í síðasta lagi 10 dögum fyrir upphaf fyrstu viðmiðunarviku.
- Tekið verður úrtak í heilu lagi fyrir hvern ársfjórðung.
- Þjóðskrá sem liggur til grundvallar er þjóðskrá dagsins.
- Jafnan skal skrá með úrtökunni mikilvægar upplýsingar úr þjóðskrá dagsins, þ.e. aldurs-, kyn- og búsetuskiptingu ásamt úrtökuhlutfallinu.

Skil

Núverandi skipulag gerir ráð fyrir að einstaklingar sem valdir eru í úrtak séu fjögur skipti í röð áður en þátttöku þeirra er lokið. Að því loknu eru þeir geymdir þannig að ekki má velja þá aftur í vinnumarkaðsúrtak í tvö ár. Hér er gerð tillaga um sama fyrirkomulag.

NÍÐURSTAÐA

- Sá einstaklingur sem valist hefur í úrtak verður ekki valinn aftur fyrr en í fyrsta lagi fjórum árum frá því að hann var fyrst valinn.

Úrtökuaðferð

Núverandi úrtökuaðferð er einföld hendingarúrtaka án skila. Kostur við þá úrtökuaðferð er að hún er einföld í sniðum, hefur þekkta eiginleika og auðvelt að reikna eftir henni. Ókosturinn við hana er að einstakir undirhópar geta komið afar misjafnt út (t.d. árgangar). Vigtir geta því verið misjafnar sem dregur úr nákvæmni úrtaksins.

Til greina kemur að nota kerfisbundna úrtöku, en þá er úrtökurammanum raðað upp eftir t.d. aldri, kyni og búsetu. Fundin er hendingartala x til að byrja sem er á bilinu $1..N/n$ og síðan valinn hver sá einstaklingur sem nr. x , $x+N/n$, $x+2N/n$ osfrv. í röðinni þangað til n einstaklingar hafa verið valdir. Kosturinn við þessa úrtökuaðferð er að hún dregur úr líkum á að einstakir undirhópar séu ójafnt endurspegladur í úrtakinu. Ókostirnir eru einkum tveir. Annars vegar er alltaf hætta á kerfisbundinni skekkju, þ.e. að alltaf í N/n -unda skipti sé valinn afbrigðilegur einstaklingur. Hins vegar eru líkurnar á því til langframa að sami einstaklingur sé valinn trekk í trekk í úrtakið meiri en í einföldu hendingarúrtaki.

Loks kemur til greina að nota lagskipt úrtak eftir t.d. kyni, búsetu og aldri. Það hefur ótvíræða kosti hvað varðar vogir en ókosti hvað varðar útreikninga og flóknari aðferðafræði.

Þar sem úrtökuramminn er vel þekktur er engin knýjandi þörf á því að bregða út frá einföldustu aðferðunum

NÍÐURSTAÐA

- Notast verður áfram við einfalda hendingarúrtöku án skila.

Vikuúthlutun

Þar sem vinnumarkaðsrannsóknin er samfelld könnun er nauðsynlegt að dreifa úrtakinu jafnt á hverja viku ársfjórðungsins, en láta ekki ráðast af tilfallandi þáttum hverjir eru spurðir í hverri viku.

NIÐURSTAÐA

- Ársfjórðungsúrtakinu (nýjum skiptihópi) verður raðað kerfisbundið niður á þrettán vikur ársins með eftirfarandi hætti:
 - Úrtakinu verður raðað upp eftir aldri, kyni og búsetu (húskóta).
 - Kastað verður upp á tölu (x) á bilinu 1-13.
 - Einstaklingur nr. x verður valinn fyrir 1. viku ársfjórðungsins, x+1 í 2. viku og þannig áfram þar til náð er þrettán, þá er byrjað á tölunni 1 og x-1 fær úthlutað 13. viku ársfjórðungsins.
 - Vikuúthlutunin er látin haldast út þátttöku viðkomandi skiptihóps í rannsókninni.

Stærð úrtaks

Stærð úrtaks ræðst jafnan af tveim þáttum. Annars vegar þeim fjármunum sem úr er að spila og hins vegar þeirri nákvæmni sem óskað er eftir. Þá þarf að huga að væntanlegu brottfalli við ákvörðun á þeim fjölda sem valinn er. Til viðbótar má gæta að hvernig innganga og úrganga úr úrtaksrammanum (sbr. að ofan) hefur áhrif á endanlega úrtaksstærð.

Í reglugerð ESB nr. 577/98 er Ísland undanþegið öllum nákvæmniskröfum vegna smáðar landsins, bæði hvað varðar ársmetla og metla fyrir árfjórðungsbreytingar.

Í núverandi sniði—tvær kannanir á ári—er nákvæmni ársmetla $\pm 0,4\%$, nákvæmni punktmats er $\pm 0,5\%$ og nákvæmni breytingar frá einni könnun til annarrar er $\pm 0,7\%$. Þetta er miðað við að meðaltali 2,6% atvinnuleysi og nettó úrtak að meðaltali 3.630 manns.

Í sniðinu 3q-2-2q, miðað við 785 brúttóstærð skiptihóps, 82,5% svarhlutfall⁴, notkun heimilishlutans til að meta atvinnuleysi og að meðaltali 2,6% atvinnuleysi verður nákvæmni sömu metla: Ársmetlar $\pm 0,3\%$, ársfjórðungsmetlar $\pm 0,5\%$ og ársfjórðungsbreytingar $\pm 0,6\%$.

Kostnaður við 3q-2-2q sniðið umfram núverandi snið yrði þrátt fyrir fleiri viðtöl per ársfjórðung þó aðeins u.þ.b. 92% af kostnaði núverandi könnunar, þar sem aðrir heimilismenn fá mun færri spurningar en aðalhlutinn.

NIÐURSTAÐA

- Í hvern skiptihóp verða valdir 806 einstaklingar, sem skiptast jafnt (62) niður á 13 vikur ársfjórðungsins.

⁴ Það gefur u.þ.b. 3.890 manns í nettóúrtaki (að meðtöldum heimilishluta) á hverju ársfjórðungi en sama virku úrtaksstærð og nú, þ.e. u.þ.b. 3.630 manns.

Önnur atriði

Númerakerfi. Núverandi númerakerfi vinnumarkaðsrannsóknar er einfalt. Hver þátttakandi fær auðkenni sem er sex stafa raðtala. Fyrstu tveir stafirnir tákna raðnúmer könnunarinnar en síðustu fjórir stafirnir eru raðnúmer frá 1..n þar sem n hefur verið 1.140 síðan 1995. Við breytingu yfir í samfellda könnun og flóknara skiptisnið þarf að breyta þessu auðkenni.

NIÐURSTAÐA

- Hver skiptihópur fær númer sem samsett er úr fjórum liðum, áá-Q-vv-rr, þar sem á stendur fyrir fyrsta árið sem einstaklingurinn er valinn, q fyrir fyrsta ársfjórðunginn sem einstaklingurinn er valinn, v fyrir viku innan ársfjórðungs (1..13) og r tekur gildi á bilinu 0..62.

Töf frá viðmiðunarmánuki til viðtalsviku. Í reglugerð ESB nr. 577/98 er miðað við að ekki megi líða meira en 8 vikur frá lokum viðmiðunarmánuks þar til viðtal er tekið. Í reynd er þetta of langt vegna vandamála sem tengjast minni viðtakenda. Yfirleitt verður að gera ráð fyrir að viðtal fari ekki fram seinna en í næstu viku eftir viðmiðunarmánuki. Þó verður að gera ráð fyrir sveigjanleika, einkum á sumarleyfistímum þegar ekki er hægt að ná sambandi við fólk fyrr en það kemur úr sumarleyfi.

NIÐURSTAÐA

1. Lokið skal við að taka viðtal við hvern einstakling í vikuskammti eigi síðar en á öðrum miðvikudegi frá lokum viðmiðunarmánuks.
2. Á þriðja ársfjórðungi má fresta þessu og halda óteknum viðtölum í vikuskammti í allt að þrjár vikur til viðbótar.

Kynningarbréf. Það er skoðun sérfræðinga á vinnumarkaðssviði að núverandi kynningarbréf hafi gengið sér til húðar. Brottfall vegna neitana hefur aukist þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert til að sporna við því, t.d. nafnbreyting o.fl. Ljóst er að afar margir þátttakendur neita að taka þátt vegna almennrar afstöðu til kannanafyrirtækja og vegna meðvitundar um persónuvernd, bannmerkingar o.þ.h.

NIÐURSTAÐA

- Kynningarbréfið verði endurskoðað og fengnir til þess sérfræðingar í textagerð á almenningsstenglasviði.

Fyrsta úrtaka. Til skoðunar er hvort þátttakendur í núverandi könnun sem enn eiga eftir að taka þátt einu sinni eða oftari eigi að falla inn í nýtt snið. Það myndi spara eitthvað við að hafa samband við þá og hægt væri að nýta fyrri svör til sparnaðar á fyrsta ársfjórðungi 2003. Á móti koma hins vegar tveir mikilvægir þættir. Annars vegar eru skiptihóparnir af ólíkri stærð og hins vegar er hætta á því að ekki verði hreint tímarof frá fyrri könnunarsniði yfir í nýtt, heldur dreifist það á næstu tvö ár, þannig að árið 2003 og 2004 verði ekki aðeins ólíkt fyrri árum heldur og næstu árum á eftir.

NIÐURSTAÐA

- Byrjað verði frá grunni við val á þátttakendum í samfelldri vinnumarkaðsrannsókn, þó þannig að staðið verði við loforð um tveggja ára úrtökuhlé.
 - Fyrsta úrtaka verði þannig að valdir verða 7 skiptihópar.
 - Kastað verði upp á röð þeirra.
 - Fyrsti skiptihópurinn verði aðeins með á 1. ársfjórðungi 2003, annar hópurinn með á 1. og 2. ársfjórðungi o.s.frv. samkvæmt skiptisniðinu 3q-2-2q.

Tenging við fyrri kannanir

Nýtt snið vinnumarkaðsrannsókna veldur óhjákvæmilega rofi í öllum tímaröðum sem safnað hefur verið. Hagstofunni ber að mörgu leyti skylda til að gefa notendum upplýsingar um hvaða áhrif breytingin hefur. Best væri að keyra tvær kannanir saman í a.m.k. eitt til tvö ár. Það er ekki hægt af hreinum fjárhagsástæðum. Engu að síður verður slíkt mat ekki gert nema með einhverri slíkri aðferð.

NIÐURSTAÐA

- Ekki verði gerðar sérstakar kannanir í apríl og nóvember heldur reyni sérfræðingar vinnumarkaðsdeildar að meta áhrif breytinganna með öðrum aðferðum.

Notkun opinberra skráa

Hægt er að auka nákvæmni metla ef aðgangur er að opinberum skráum sem tengjast viðfangsefninu. Finnsk athugun á tengslum skráðs atvinnuleysis og atvinnuleysis samkvæmt vinnumarkaðskönnunum leiddi t.d. í ljós sniðáhrif (design effect) allt að 0,2. Það útleiggst á mannamáli að hægt hefði verið að komast af með 20% af úrtaki vinnumarkaðskönnunar til að ná sömu nákvæmni við mælingu á atvinnuleysi.

Í dag er þjóðskráin eina opinbera skráin sem vinnumarkaðsrannsóknir hafa aðgang að.

NIÐURSTAÐA

- Huga þarf að því, með tilliti til reglna um persónuvernd og heimilda Hagstofunnar hvort hægt sé að tengjast á kennitölu við eftirfarandi skrár:
 - Staðgreiðsluskrá
 - Skólaskrá
 - Prófaskrá
 - Atvinnuleysisskrá
 - Fyrirtækjaskrá

Vinnuskipulag (gagnasöfnun og frumleiðréttingar)

Vinnuskipulag við gagnasöfnun og frumleiðréttingar er á sviði könnunardeildar. Ljóst er þó að vinnumarkaðsdeild þarf í upphafi að koma nálægt nokkrum skipulagsatriðum, einkum þeim sem varða utanumhald um gagnaskrár og leiðréttingar.

Þar sem rennt er blint í sjóinn með framkvæmd samfelldrar könnunar af þessu tagi þarf enn fremur að gæta þess að binda skipulagið ekki of föstum skorðum. Einkum og sér í lagi þarf að huga að því að leita þarf eftir þeim vakt-tímabilum sem gefa besta raun til að ná sambandi við þátttakendur.

Þá þarf að huga að því hvernig leit að símanúmerum o.þ.h. nær sem bestum árangri, þegar ekki verður lengur hægt að nota heimildir þjóðskrár, flutningaskýrslur, fæðingarskýrslur o.þ.h.

Vinnuskipulag (úrvinnsla)

Á fyrri hluta ársins 2003 verður að huga frekar að skipulagi vinnunnar vegna úrvinnslu og birtingar.

Birting er ekki aðeins fólgin í fréttatilkynningum eða netbirtingum til innanlandsbrúks heldur og skil á gagnaefni til þeirra stofnana sem Hagstofan er skuldbundin. Fyrir utan birtingar gagnavart almenningi er vinnumarkaðsdeild skuldbundin eftirtöldum aðilum:

- Landshagir
- Eurostat
- OECD
- NSS
- ILO
- IMF

Á fyrri hluta ársins 2003 verður lög aðaláhersla á að skipuleggja vinnuferlið þannig að allar birtingar verði eins fljótt og hægt er.

Á þessari stundu liggur aðeins fyrir ein ákvörðun:

Fréttatilkynning með fyrstu niðurstöðum 1. ársfjórðungs 2003 (atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og vinnutími) verður birt miðvikudaginn 16. apríl.

NIÐURSTAÐA

- Upplýsingadeild vinni náið með sérfræðingum vinnumarkaðsdeildar og ráðgjafahóp með það að markmiðið að allar niðurstöður vinnumarkaðsrannsóknar verði birtar á aðgengilegu sniði fyrir almenning og að minnsta kosti mikilvægustu breyturnar verði þannig uppsettar á vefsetri Hagstofunnar að notendur geti sett saman sínar eigin töflur.

Önnur atriði

Á fyrri hluta ársins 2003 þurfa sérfræðingar vinnumarkaðsdeildar auk skipulagningar á vinnuferli, gagnagreiningu o.fl. sem tengist samfelldri vinnumarkaðsrannsókn, að ganga frá uppgjöri fyrir árið 2002 í prentaðri útgáfu. Í hverri viku berast um það bil tvær til þrjár stórar fyrirspurnir til vinnumarkaðsdeildar. Ekki er víst að deildin hafi burði til að sinna þessu jafnframt svo umfangsmiklum verkefnum.

NIÐURSTAÐA

- Engum fyrirspurnum um vinnumarkaðinn verði svarað af sérfræðingum vinnumarkaðsdeildar frá janúar til apríl nema bráðnauðsynlegt teljist.

Viðauki 1

Comparison of costs and variances (point estimates) of different methods of selecting the household sub-sample (Fixed variance)

Simple random sample without household sub-sample

| Wave | Deff | Size | weight | var |
|-------------------------|------|--------------|--------|------------|
| Wave 1 | 1 | 896 | 0,200 | 1,0615E-05 |
| Wave 2 | 1 | 896 | 0,200 | 1,0615E-05 |
| Wave 3 | 1 | 896 | 0,200 | 1,0615E-05 |
| Wave 4 | 1 | 896 | 0,200 | 1,0615E-05 |
| Wave 5 | 1 | 896 | 0,200 | 1,0615E-05 |
| Total | | 4.480 | | 1,0615E-05 |
| Total cost | | 8.960 | | |
| Total cost * var(p) | | 0,095 | | |
| Relative standard error | | 6,5% | | |

Network sample, last wave = household sub-sample

| Wave | Deff | Size | weight | var |
|-------------------------|------|--------------|--------|------------|
| Wave 1 | 1 | 783 | 0,156 | 9,4788E-06 |
| Wave 2 | 1 | 783 | 0,156 | 9,4788E-06 |
| Wave 3 | 1 | 783 | 0,156 | 9,4788E-06 |
| Wave 4 | 1 | 783 | 0,156 | 9,4788E-06 |
| Wave 5 + HH | 1,6 | 1.879 | 0,375 | 1,5166E-05 |
| Total | | 5.011 | | 1,0616E-05 |
| Total cost | | 8.564 | | 0,0000E+00 |
| Cost pr case | | 1,709 | | |
| Relative standard error | | 6,5% | | |

Two phase sample, non-cps in last wave discarded

| Wave | Deff | Size | weight | var |
|-------------------------|------|--------------|--------|------------|
| Wave 1 | 1 | 924 | 0,200 | 1,0281E-05 |
| Wave 2 | 1 | 924 | 0,200 | 1,0281E-05 |
| Wave 3 | 1 | 924 | 0,200 | 1,0281E-05 |
| Wave 4 | 1 | 924 | 0,200 | 1,0281E-05 |
| Wave 5 + HH | 1,16 | 924 | 0,200 | 1,1926E-05 |
| Total | | 4.620 | | 1,0610E-05 |
| Total cost | | 9.088 | | |
| Total cost * var(p) | | 0,096 | | |
| Relative standard error | | 6,5% | | |

Two phase sample, all interviewed in last wave

| Wave | Deff | Size | weight | var |
|-------------------------|------|--------------|--------|------------|
| Wave 1 | 1 | 800 | 0,167 | 9,9082E-06 |
| Wave 2 | 1 | 800 | 0,167 | 9,9082E-06 |
| Wave 3 | 1 | 800 | 0,167 | 9,9082E-06 |
| Wave 4 | 1 | 800 | 0,167 | 9,9082E-06 |
| Wave 5 | 1 | 800 | 0,167 | 9,9082E-06 |
| HH | 1,16 | 800 | 0,167 | 1,1494E-05 |
| Total | | 4.800 | | 1,0615E-05 |
| Total cost | | 8.268 | | |
| Total cost * var(p) | | 0,088 | | |
| Relative standard error | | 6,5% | | |

Viðauki 2

| | | | |
|----------------------------|---------|--------------|------|
| 3q-2-2q + Household | panelar | 5 pvmr | 648 |
| | 3q-2-2q | psilc | 324 |
| Fjöldi í einstaklingspanel | 648 | Svarhlutfall | 3240 |
| | 324 | Brúttó: | 785 |
| Heildarfjöldi pr ársfj. | 3.888 | | 3927 |
| Effectívt úrtak pr ársfj: | 3.629 | | 3888 |
| Kostnaður á ári | 26.788 | | |


| | |
|-----------------------|-----|
| Overlap milli ársfj | 50% |
| Overlap 1-3, 2-4 | 17% |
| Overlap 1-4 | 17% |
| Overlap milli ára | 33% |
| Overlap milli 2ja ára | 0% |
| Overlap milli 3ja ára | 0% |

| | | | |
|-----------------------------------|-------|----------|----------|
| | | SI | Deff |
| Dreif og skekkjumörk 1 ársfj. | 0,52% | 0,000007 | 0,000007 |
| Dreif og skekkjumörk milli ársfj | 0,56% | 0,000008 | |
| Dreif og skekkjumörk ársmeðaltal | 0,33% | 0,000003 | |
| Dreif og skekkjumörk milli ára | 0,69% | 0,000012 | |
| Dreif og skekkjumörk ársmetla hei | 0,66% | 0,000011 | |

| | |
|-------------------------------------|--------|
| Kostnaður pr dreif 1 ársfj mats | 0,0467 |
| Kostnaður pr dreif ársfj.breytingar | 0,1083 |
| Kostnaður pr dreif ársmeðaltals | 0,0770 |
| Kosnaður pr dreif ársbreytingar | 0,3308 |

Covarians

| i | j | ox | px ox(ppx-pp) |
|---|---|-----|---------------|
| 1 | 2 | 50% | 43% 0,00940 |
| 1 | 3 | 17% | 25% 0,00167 |
| 1 | 4 | 17% | 20% 0,00124 |
| 2 | 3 | 50% | 43% 0,00940 |
| 2 | 4 | 17% | 25% 0,00167 |
| 3 | 4 | 50% | 43% 0,00940 |
| | | | 0,03278 |



Viðauki 3

Útreikningur á áhrifum mismunandi skiptisniða (rotation schemes)

| | 2q-2-1q | 3q-1-1q | 2q-2-2q | 5q | 3q-1-2q | 3q-2-2q | 6q |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|--------------|
| Number in each panel (LFS) | 1.006 | 788 | 789 | 648 | 648 | 648 | 550 |
| Number in household sub-sample (additional interviews) pr qua | 503 | 394 | 394 | 324 | 324 | 324 | 275 |
| Number of interviews pr quarter | 4.024 | 3.940 | 3.943 | 3.888 | 3.888 | 3.888 | 3.850 |
| Effective sample size pr quarter | 3.627 | 3.627 | 3.630 | 3.629 | 3.629 | 3.629 | 3.630 |
| Relative annual cost | 25.492 | 26.272 | 26.294 | 26.788 | 26.788 | 26.788 | 27.137 |
| Overlap, quarters 1-2, 2-3, 3-4 | 25% | 40% | 50% | 67% | 50% | 50% | 71% |
| Overlap, quarters 1-3, 2-4 | 0% | 40% | 0% | 50% | 33% | 17% | 57% |
| Overlap, quarters 1-4 | 25% | 20% | 25% | 33% | 33% | 17% | 43% |
| Overlap, quarters Q_t-Q_{t-1} | 25% | 20% | 50% | 17% | 33% | 33% | 29% |
| Overlap, quarters Q_t-Q_{t-2} | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Overlap, quarters Q_t-Q_{t-3} | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Confidence limits (5% unemployment) quarter estimate | 0,52% | 0,52% | 0,52% | 0,52% | 0,52% | 0,52% | 0,52% |
| Confidence limits (5% unemployment) quarterly change | 0,65% | 0,60% | 0,56% | 0,49% | 0,56% | 0,56% | 0,46% |
| Confidence limits (5% unemployment) annual estimate | 0,30% | 0,41% | 0,41% | 0,37% | 0,34% | 0,33% | 0,37% |
| Confidence limits (5% unemployment) annual change | 0,70% | 0,71% | 0,67% | 0,71% | 0,69% | 0,69% | 0,70% |
| Confidence limits (5% unemployment) annual household sub-sa | 0,53% | 0,60% | 0,60% | 0,66% | 0,66% | 0,66% | 0,72% |
| Relative cost * var(p), quarterly estimate | 0,044 | 0,046 | 0,046 | 0,047 | 0,047 | 0,047 | 0,047 |
| Relative cost * var(p), quarterly change | 0,141 | 0,122 | 0,106 | 0,082 | 0,108 | 0,108 | 0,076 |
| Relative cost * var(p), annual estimate | 0,059 | 0,115 | 0,113 | 0,093 | 0,081 | 0,077 | 0,099 |
| Relative cost * var(p), annual change | 0,325 | 0,342 | 0,303 | 0,352 | 0,331 | 0,331 | 0,341 |
| Max | | | | | | | |
| Confidence limits (5% unemployment) quarterly change | 2q-2-1q | | | | | | |
| Confidence limits (5% unemployment) annual estimate | | 3q-1-1q | | | | | |
| Confidence limits (5% unemployment) annual change | | | | 5q | | | |
| Relative cost * var(p), quarterly change | 2q-2-1q | | | | | | |
| Relative cost * var(p), annual estimate | | 3q-1-1q | | | | | |
| Relative cost * var(p), annual change | | | | 5q | | | |
| Min | | | | | | | |
| Confidence limits (5% unemployment) quarterly change | | | | | | | 6q |
| Confidence limits (5% unemployment) annual estimate | 2q-2-1q | | | | | | |
